



Kópavogi, 30. maí 2025

Til skipulags- og umhverfisráðs

Beðni um heimild til að hefja skipulagsvinnu fyrir Vatnsendahlíð
Óskað er eftir heimild skipulags- og umhverfisráðs til að hefja vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2019-2040 og eftir atvikum breytingu á eða nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahlíð.

Frá því gildandi deiliskipulag fyrir Vatnsendahlíð tók gildi árið 2009 hefur ýmislegt breyst varðandi forsendur uppbyggingar. Bæði er hluti þeirrar íbúðarhúsa sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi á svæði sem er afmarkað í aðalskipulagi sem óbyggt svæði, en ekki á svæði fyrir íbúðarbyggð. Einnig hafa forsendur varðandi fyrirkomulag byggðar breyst með breyttum áherslum varðandi skipulag byggðar.

Markmið með skipulagsvinnunni er að móta nýtt hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.


Í undirbúningi vinnunnar verður lagt mat á stöðu svæðisins m.t.t. jarðfræði, vatnsverndar, landslags, náttúrufars, loftslagsbreytinga o.fl.

Áherslur í skipulagsvinnu fyrir Vatnsendahlíðar eru eftirfarandi:


- **Vistvænt skipulag:** Innleiða vistvænar lausnir í hönnun og byggingu hverfisins og taka tillit til náttúru, vatnsverndar og lífríki svæðisins. Einnig lögð áhersla á góðar göngu- og hjólatengingar.
- **Gott samráð við hagaðila og íbúa:** Stuðlað verði að vönduðu samráði við íbúa og hagaðila.
- **Gæði byggðar:** Tryggja að byggðin verði fjölbreytt, aðlaðandi og að gott aðgengi verði að þjónustu og útivistarsvæðum. Leggja áherslu á hágæða hönnun og byggingarefni sem auka gæði byggðar.

Virðingarfyllst f.h. skipulagsfulltrúa

Andrea Kristinsdóttir
verkefnastjóri aðalskipulags



Mynd 1 sýnir staðsetningu Vatnsendahlíðar m.t.t. til Vatnsvíkur og Kjóavalla.



Mynd 2 sýnir afmörkun svæðisins á aðalskipulagsupprætti.



Mynd 3 sýnir deiliskipulag í gildi, dags. 13. janúar 2009.

